

# ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

## Svalbarðsárdeild Veiðifélags Svalbarðsár

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006  
um lax- og silungsveiði:  
Ásgeir Magnússon dómstjóri  
Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi  
Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður

Ár 2019, mánudaginn 14. janúar kom matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman að Laugavegi 3 í Reykjavík. Mættir voru Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Magnússon dómstjóri og Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi.

Fyrir var tekið:

## **Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir Svalbarðsárdeild Veiðifélags Svalbarðsár.**

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

### **úrskurður:**

#### **1. Beiðni um mat**

Með bréfi, dags. 8. maí 2017, fór stjórn Veiðifélags Svalbarðsár fram á að matsnefnd endurskoðaði arðskrá fyrir Svalbarðsárdeild veiðifélagsins, sbr. 6. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og reglugerð nr. 403/2012 um arðskrá veiðifélaga.

Í kjölfar framangreinds óskaði matsnefndin eftir því við stjórn veiðifélagsins með bréfi, dags. 26. maí 2017, að nefndinni yrðu send nauðsynleg gögn vegna matsins.

#### **2. Matsfundur**

Matsfundur með veiðiréttareigendum og/eða fulltrúum þeirra var haldinn 21. október 2017 í veiðihúsinu við Svalbarðsá. Var mál þetta þá tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Skorað var á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins, en engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er, þ.e. nýtt mat á arðskrá fyrir Svalbarðsárdeild veiðifélagsins.

Nokkur umræða varð á fundinum um hvaða þættir eru lagðir til grundvallar við arðskrárgerð og spurðu nokkrir fundarmanna um einstök atriði og komu sjónarmiðum sínum á framfæri.

Fundarmönnum var boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn, en þeim var jafnframt kynnt að þeim gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á framfæri. Þá upplýstu nefndarmenn hvaða gögnum veiðifélagið þyrfti að skila til matsnefndar vegna arðskrárgerðarinnar og hafði formaður félagsins afhent mestan hluta þeirra gagna fyrir fundinn. Í sérstakri skrá aftast í matsgerðinni verður vikið að því hvaða gögn lágu fyrir við arðskrárgerðina.

#### **3. Vettvangsganga o.fl.**

Matsnefnd gekk á vettvang og kynnti sér aðstæður á vatnasvæðinu mánudaginn 11. júní 2018. Var í ferðinni rætt við þá veiðiréttareigendur sem óskuðu eftir að hitta matsnefnd. Flestir veiðiréttareigenda mættu til fundar við matsnefnd og var farið meðfram ánni, allt frá ósi og eins og vegur náði upp með veiðisvæðinu.

#### **4. Um veiðifélagið**

Nafn félagsins er Veiðifélag Svalbarðsár. Félagið starfar samkvæmt samþykkt nr. 99/2010, sem staðfest var af Fiskistofu 22. janúar 2010 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 8. febrúar sama ár.

Í 3. gr. samþykktarinnar kemur fram að félagsmenn séu skráðir eigendur/ábúendur tilgreindra jarða og landareigna sem land eiga að Svalbarðsá og þverám sem renna í hana svo langt sem þær teljast fiskgengar. Félagið starfar í tveimur deildum, Svalbarðsárdeild og Tunguárdeild, og hafa þær sjálfstæðan fjárhag, gera sér arðskrá og ráðstafa veiði á sínu félagssvæði. Fyrirnefndu deildinni, Svalbarðsárdeild, sem matsgerð þessi lýtur að, tilheyra eftirtaldir jarðir: Svalbarð, Svalbarðssel, Kúðá I, Kúðá II, Sævarland I, Sævarland II, Garður og Flautafell.

Samkvæmt 4. gr. er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Þá er félaginu heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Samkvæmt 6. gr. hefur stjórn félagsins á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda.

#### **5. Rekstur veiðivatna**

Núgildandi leigusamningur Svalbarðsárdeildar veiðifélagsins er dagsettur 30. mars 2015. Samkvæmt honum eru leigð öll veiðiréttindi í Svalbarðsá auk veiðihúss. Árlegt veiðitímabil er frá 25. júní til 25. september og er leigutaka heimilt að nota 3 stangir daglega, en þó ekki fleiri en 230 stangardaga árlega. Gildistími samningsins er frá árinu 2016 til og með á 2020. Árlegar leigugreiðslur eru 18.000.000 króna, sem taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs.

#### **6. Sjónarmið eigenda veiðiréttar**

Í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 403/2012 um arðskrá veiðifélaga var öllum eigendum veiðiréttar í Svalbarðsárdeild gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Var bréf þessa efnis afhent þeim veiðiréttareigendum sem mættu á framangreindan fund hinn 22. nóvember 2017, en öðrum var sent bréfið í pósti. Engar greinargerðir bárust matsnefnd.

#### **7. Skipting arðs**

##### **7.1 Almennt**

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og 1. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012 er veiðifélagi skylt að láta gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hvernar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 11. gr. samþykktar fyrir Veiðifélag Svalbarðsár segir og að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

Samkvæmt 2. mgr. 41. gr. fyrirnefndra laga skal við niðurrjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks. Þá er í 7. gr.

reglugerðarinnar um arðskrár veiðifélaga nánar kveðið á um þá meginþætti sem taka skal tillit til við niðurrjöfnun á veiði eða úthlutun arðs af henni.

### **7.2 Aðstaða til stangveiði**

Mat á aðstöðu til stangveiði er byggt á samantekt á skiptingu veiði í Svalbarðsá 1996 til 2017, sem unnin var af formanni veiðifélagsins á grundvelli samantektar Veiðimálastofnunar frá því í janúar 2016, VMST-G/16003. Kemur fram í samantekt formannsins að vegna þess hve mikið hafi verið um að lax væri skráður á óþekktan veiðistað árin 2003-2007 hafi verið farið í veiðibækur og í ljós komið að veiðistaðir hefðu verið skráðir með nafni en ekki númeri þessi ár. Hafi skráningin af þeim sökum ekki skilað sér inn á einstaka veiðistaði í gögnum Veiðimálastofnunar. Því hafi verið farið yfir skráninguna og hún lagfærð með tilliti til þessa, ásamt því að bæta við veiðitölum vegna árána 2016 og 2017. Liggur fyrir að samantektin um skiptingu veiðinnar á einstakar jarðir var send á félagsmenn til umsagnar en engar athugasemdir komu fram vegna hennar.

Á viðmiðunartímabilinu voru 6.588 laxar skráðir veiddir á merkta veiðistaði. Auk þess voru 84 laxar skráðir án þess að veiðistaður væri tilgreindur. Bleikjur skráðar á veiðistaði voru 289 og urriðar 257. Auk þessa var 31 silungur skráður veiddur án þess að veiðistaðar væri getið.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 4.150 einingum milli veiðiréttareigenda vegna laxveiði og 460 einingum vegna silungsveiði.

### **7.3 Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns**

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við úthlutun arðs taka tillit til landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns. Við mat á vægi landlengdar er í senn litið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við fyrri matsgerðir nefndarinnar. Verður samkvæmt því lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga.

Í tilefni arðskrármatsins var gerð ný bakkalengdarmæling fyrir vatnasvæðið. Fylgdi henni loftmynd af vatnasvæðinu þar sem tilgreind eru öll landamerki, númer og staðsetning veiðistaða og bakkalengd hverrar jarðar. Bakkalengd var mæld miðað við miðlínu árinna. Þessi gögn lágu frammi þegar matsnefnd tók málið fyrir fyrsta sinni á fundi með veiðiréttarhöfum 21. október 2017.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 2.800 einingum milli veiðiréttareigenda við Svalbarðsá í samræmi við landlengd árinna. Bakkar Svalbarðsár frá ósi í sjó allt að Tunguá fá vægið 1. Svæðið frá ármótum Svalbarðsár og Tunguár að Þorvaldsstaðaá fær vægið 0,9. Þaðan að ármótum við Kúðá er gefið vægið 0,8, en bakkar Svalbarðsár þar ofan við fá vægið 0,7. Að öðru leyti verður einingum vegna landlengdar úthlutað eins og greint er frá í kafla 8.

### **7.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði**

Hrygningar- og uppeldisskilyrði í veiðiám hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa og þar með fyrir verðmæti þeirra. Við mat þessa þáttar hefur matsnefnd í úrskurðum sínum stuðst við mat sérfræðinga á búsvæðum viðkomandi vatnasvæðis, sé það fyrirliggjandi.

Mat á botngerð Svalbarðsár og hliðaráa hennar var framkvæmt í ágúst 2016 og niðurstöðurnar birtar í skýrslu Hafrannsóknastofnunar í nóvember sama ár. Við botngerðarmatið var ánni skipt niður í mislanga kafla þar sem grófleiki botnsins og straumlag var talið með svipuðum hætti. Þannig var Svalbarðsá skipt niður í fimm kafla, Tunguá, Kúðá og Þorvaldsá var skipt niður í tvo kafla hverri, en Þverfellsá í einn kafla. Botngerðarmatið var framkvæmt á sniðum þvert yfir árnar og fór það eftir lengd kaflans á hversu mörgum þversniðum var mælt. Voru árnar metnar til framleiðslueininga með hliðsjón af gæðum búsvæða og flatarmáli. Svalbarðsá var metin með samtals 12.778 framleiðslueiningar, eða 79%, Kúðá með 1.737 framleiðslueiningar, eða 11%, Tunguá með 1.394 framleiðslueiningar, eða 9%, Þorvaldsstaðaá með 247 framleiðslueiningar, eða 1%, og loks Þverfellsá með mun minna, eða 3 framleiðslueiningar. Liggur fyrir skilagrein um skiptingu framleiðslueininga niður á fasteignir, sem byggðist á framangreindu mati.

Niðurstaða matsnefndar er að úthluta beri 1.800 einingum milli veiðiréttareigenda við Svalbarðsá vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða, en að öðru leyti verður einingum vegna þessara þátta úthlutað í kafla 8.

## **8. Þverár**

Nokkrar þverár renna í Svalbarðsá og eru Tunguá, Þorvaldsstaðaá, Kúðá og Þverfellsá þeirra helstar. Tunguá er neðsta hliðaráin og er hún fiskgeng u.þ.b. 6 km frá ármótum. Þorvaldsstaðaá rennur í Svalbarðsá nokkru ofar. Næstefst hliðaráanna er svo Kúðá, en upptök hennar eru að hluta til í Skriðuvatni. Efst er svo Þverfellsá, en rétt ofan ármótanna er ófiskgengur foss. Allar hafa þessar ár verið búsvæðametnar og lengdarmældar svo langt sem fiskur gengur. Það er niðurstaða matsnefndar að framangreindar ár séu það mikilvægar fyrir veiði á vatnasvæðinu, bæði með tilliti til vatnsmagns sem þær skila og hrygningar- og uppeldisskilyrða sem þar er að finna, að rétt sé að úthluta sérstökum arðseiningum til fasteigna sem að þeim liggja. Verður þá út frá því gengið að búsvæði í þessum ám fái sama vægi og búsvæði í Svalbarðsá, en að vægi bakka verði þar sérstaklega ákvarðað með tilliti til vatnsmagns og þess að veiði er þar ekki stunduð.

Eins og áður hefur komið fram er sérstök deild innan veiðifélagsins um Tunguá, Tunguárdeild, og nær arðskrárgerð þessi ekki til þeirrar deildar. Eigi að síður telur matsnefnd eðlilegt að fasteignum sem liggja að neðsta svæði Tunguár, þ.e. Sævarlandi og Garði, verði úthlutað einingum vegna þess kafla árinna.

Niðurstaða matsnefndar er að úthluta beri 790 einingum vegna þessara hliðaráa og skiptast þær milli fasteigna eins og nánar greinir í kafla 9.

## 9. Skipting eininga

	Veiði	Landlengd	Búsvæði	Þverár	Alls
Svalbarð	376	659	278	53	1.366
Svalbarðssel	1.007	364	289	87	1.747
Kúðá	461	189	166	110	926
Kúðá 2	461	189	166	110	926
Flautafell	1.710	718	606	1	3.035
Garður	198	469	268	214	1.149
Garður (Þverfellsland)	219	22	17	1	259
Sævarland	89	95	5	107	296
Sævarland 2	89	95	5	107	296
	4.610	2.800	1.800	790	10.000

## 10. Kostnaður og gildistaka

Allur kostnaður af mati þessu, 2.648.771 króna án virðisaukaskatts, greiðist af Svalbarðsárdeild Veiðifélags Svalbarðsár og rennur í ríkissjóð.

Arðskrá þessi tekur gildi daginn eftir birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012.

**Úrskurðarorð:**  
**Arðskrá fyrir Svalbarðsárdeild Veiðifélags Svalbarðsár**  
**skal vera sem hér greinir:**

	Einingar
Svalbarð	1.366
Svalbarðssel	1.747
Kúðá	926
Kúðá 2	926
Flautafell	3.035
Garður	1.149
Garður (Þverfellsland)	259
Sævarland	296
Sævarland 2	296
<hr/>	
	<b>Samtals 10.000</b>

Reykjavík 14. janúar 2019

Hulda Rós Rúriksdóttir  
sign

Ásgeir Magnússon  
sign

Magnús Ólafsson  
sign

## **Gögn til afnota við matsgerð**

### **A. Gögn um veiði o.fl.**

1. Rekstrarreikningur 2014-2016.
2. Leigusamningur við Veiðifélagið Hreggnasa ehf., dags. 30. mars 2015.
3. Veiðistaðir í Svalbarðsá, samantekt veiðifélags.
4. Samantekt á veiði í Svalbarðsá 1996-2017, unnin af formanni veiðifélagsins, Jónasi P. Bóassyni.
5. Núgildandi arðskrá fyrir Svalbarðsárdeild Veiðifélags Svalbarðsár.

### **B. Gögn um land og búsvæði**

1. Bakkalengdarmælingar, yfirlitsmyndir.
2. Mat á botngerð Svalbarðsár og hliðaráa hennar, Hlynur Bárðarson, Ingi Rúnar Jónsson, Guðni Guðbergsson og Eydís Njarðardóttir, nóvember 2016.

### **C. Bréf, fundargerðir, samþykktir o.fl.**

1. Samþykkt fyrir Veiðifélag Svalbarðsár, birt í B-deild Stjórnartíðinda 8. febrúar 2010.
2. Listi frá formanni veiðifélagsins yfir veiðiréttareigendur.
3. Samantekt veiðifélagsins um veiðistaða- og vegagerð við Svalbarðsá.
4. Úrdráttur úr skýrslum Veiðimálastofnunar/Hafrannsóknarstofnunar, unninn af formanni veiðifélagsins.
5. Samantekt á svæðisskiptingu við botngerðarmat Svalbarðsár.
6. Atkvæðaskrá/félagaskrá fyrir Veiðifélag Svalbarðsár.
7. Beiðni stjórnar veiðifélagsins til matsnefndar um gerð nýrrar arðskrár fyrir Svalbarðsárdeild veiðifélagsins, dags. 8. maí 2017.
8. Fundargerð veiðifélagsins 30. mars 2016.
9. Fundargerð veiðifélagsins 2. maí 2015.
10. Fundargerð matsnefndar 21. október 2017.
11. Bréf matsnefndar til veiðiréttareigenda, dags. 21. október 2017.
12. Bréf matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 26. maí 2017.
13. Bréf matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 27. september 2017.